

Fundargerð

Föstudaginn 11. júní 2010 kl. 11:00 var fundur haldinn í stjórn Byggðasamlags um menningar og atvinnumál í A-Hún., á bæjarskrifstofu Blönduósþéjar. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Jón Gíslason, Valgeir Karlsson og Arnar Þór Sævarsson sem ritar fundargerð.

Adolf H. Berndsen, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

- 1. Ársreikningur 2009**
- 2. Framkvæmdir við Kvennaskólann**
- 3. Önnur mál**

Afgreiðslur:

1. Ársreikningur 2009

Lagður var fram ársreikningur byggðasamlagsins fyrir árið 2009.

Ársreikningurinn samþykktur samhljóða.

2. Framkvæmdir við Kvennaskólann

Framkvæmdastjóri fór yfir framkvæmdir við Kvennaskólann.

Framkvæmdum innanhús í þessum áfanga er lokið.

Fyrir liggur tilboð um málningu og steypuviðgerðir á Kvennaskólanum að upphæð kr. 5.600.000,- Stjórnin samþykkir að leita samþykkis aðildarsveitarfélaga Byggðasamlagsins, þar sem ekki er gert ráð fyrir þessari framkvæmd í fjárhagsáætlun 2010.

Framkvæmdastjóri falið að senda bréf á sveitarfélögin þar sem farið er yfir breyttar forsendur vegna framkvæmda ársins.

Ásdís Birgisdóttir mætti á fundinn.

Farið yfir þörf Kvennaskólans á innanstokksmunum.

Samþykkt að kaupa innanstokksmuni fyrir kr. 400.000. Sú greiðsla tengist uppgjöri á vinnu framkvæmdastjóra Textílsetursins við framkvæmdir Kvennaskólans.

Ásdís Birgisdóttir yfirgefur fundinn.

3. Önnur mál

Formaður stjórnar þakkar samstarfið á kjörtímabilinu.

Byggðasamlag um menningu og atvinnumál í A-Hún.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13:00